

# Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

## Stjórnarskipti 1. júlí 2010

### Starfsáætlun 2010 - 2011

Ágæti fráfarandi forseti Hallgrímur, fráfarandi stjórn og kærur rótarýfélagar. Ég ætla að byrja á því að biðja nýja stjórn um að fá sér sæti við stjórnarborðið. Þetta eru þeir:

Sigþór Jóhannesson,verðandi forseti,

Steingrímur Guðjónsson,ritari,

Eyjólfur Sæmundsson,gjaldkeri.

Daníel Sigurðsson,stallari,

Hallgrímur Jónasson,fyrirverandi forseti verður áfram við stjórnarborðið.

Áður en lengra er haldið er við hæfi að þakka fyrir það traust sem þið hafið sýnt mér með því að fela mér forsetaembætti klúbbsins okkar, komandi starfsár. Ég mun leggja mig fram og reyna að standa undir væntingum ykkar. Það léttir starfið, að þið hafið valið með mér úrvals mannskap, sem nú er sestur við stjórnarborðið. Ég vona að þetta starfsár eigi eftir að vera ánægjulegt fyrir okkur öll. Fráfarandi stjórn vil ég þakka fyrir síðasta starfsár.

Ég er fyrsta konan sem þið buðuð velkomna í klúbbinn ykkar, nú okkar ,og ég veit að sú ákvörðun að taka inn konur var ekki öllum að skapi, en ég vona að nú eftir 12 ár séu flestir sáttir.

Fyrir mig var það sérstök lífsreynsla að komast á fimmtudögum innan um aðra en kennara.

Þó kennarar geti verið bráð skemmtilegt fólk, getur verið gaman og stundum nauðsynlegt að hitta aðrar starfstéttir eins og þessi félagsskapur gefur möguleika á.

Ekki hvarflaði það að mér að ég ætti eftir að finna mér nýjan „karl“ hér eða réttara sagt eiginmann í þessum Rótarýklúbb !

Já,en svona er Rótarý,ýmislegt getur gerst þar.

Fundarefni á síðasta starfsári hafa verið vel heppnuð og vil ég þakka ykkur félögunum fyrir, því þar eiga margir félaganna hlut að máli.Erindi hafa verið fróðleg og mörg hver skemmtileg. Það að er full ástæða til að vona að þið verðið jafn útsjónarsöm með að finna góða fyrirlesara með áhugaverð málefni á komandi starfsári.

Þriggja mínútna erindin, sem hann Guðni á þakkir fyrir að hafa komið á,hafa mér fundist einstaklega góð. Þar hefur komið fram ýmis fróðleikur, sem gefið hefur okkur félögunum annað sjónarhorn á á hvort annað. Erindin hafa mörg hver verið persónuleg og við höfum sagt frá lífsreynslu og ævintýrum sem við höfum upplifað,gömlum og nýjum fróðleik, nú eða skoðunum og vandamálum daglegs lífs okkar. Ég vona að við getum haldið þessu áfram, en félagar munið að þið eruð ábirgir fyrir ykkar erindi og verðið skipta innbyrðis ef viðkomandi fundur hentar ykkur ekki.

Hvað er Rótarý ? ég hef átt þess kost undanfarin ár að fara í skóla bæjarins á ykkar vegum,þar hef ég spurt nemendur hvort þeir viti hvað Rótarý er ! Hópur af gömlum körlum sem hittist og borðar saman er svarið ! Ég hef því fengið tækifæri til að kynna Rótarý lítillaga fyrir elstu nemendum og aðstandendum þeirra. Mér hafa fundist þessar heimsóknir skemmtilegar og gefandi,og skólarnir kunna vel að meta að við sýnum þeim áhuga. Hver veit nema einhverjir þessara nemenda eigi efir að verða Rótarý-félagar.

Einkunnar orð alþjóða- forseta Rótarý Ray Klingensmith komandi starfsár eru :  
Treystum samfélagið ---Tengjum heimsálfur. Þetta eru stór orð sem innihalda mikið.

Hvernig getum við treyst samfélagið ? Það er jú einmitt það sem við þurfum í dag.  
Ég held að einlægni og tryggð við vini okkar og samferðafólk sé það sem reynir á núna.

Við vorum með GSE heimsóknargesti hér um daginn, ég átti þess kost að kynnast einni stúlkunni úr þessum hópi. Hún sagði mér að sér fyndist skemmtilegast og fróðlegast að fá að rabba við heimilisfólkið þar sem hún gisti, þá kæmist hún næst fólkinu.  
Því held ég að við þurfum að vera dugleg að rækta vináttuna og samskipti hvort við annað og okkar nánustu. Við megum ekki láta öll samskipti fara fram í tölvum, farsímum og öðrum tækjum, tæki eru góð en mannleg samskipti mega ekki glatast.

Við skulum muna að við erum í Rótarý sjálfviljug. Við erum hér til að hitta skemmtilegt fólk, hlusta á góð og fróðleg erindi, kynnast ýmsu nýju og við vitum að við erum í félagsskap, sem gerir gagn. Við eigum þess líka kost í gegnum Rótarý að kynnast erlendum félögum. Í samfélagi nútímans þar sem fólk flýgur út um allan heim á skömmum tíma og við hér erum engin undantekning í því, er mjög fróðlegt að skreppa á Rótarýfundum í öðrum löndum til að kynnast lífsviðhorfi annarra þjóða.

### **Umdæmisþingið**

Þann 20. mars s.l. sat ég svo kallað PETS-mót, mót eða formót fyrir verðandi forseta og ritara. Þetta mót var með dálítið breyttu sniði en undanfarin ár. Ég hafði áður setið slíkt mót sem verðandi ritari og þá tengdist formótið umdæmisþingi liðins starfsárs. PETS-mótið sem áður var skyldumæting fyrir forseta, var nú skyldumæting fyrir forseta og ritara.

Þar fór margt gagnlegt fram, meðal annars hélt Guðni okkar, góða kynningu á tölvukerfinu, þó ég þurfi sennilega að fara fram á einkatíma hjá Guðna.

Umdæmisþingið, sem haldið var 5. júní var umdæmisþing til að loka starfsárinu 2009 til 2010, ætlað fráfarandi stjórnnum og öðrum rótarýmönnum.

Því verður aftur umdæmisþing 15.-16. október 2010 með þingstörfum og formóti, svipað og verið hefur öll undanfarin vor. Það umdæmisþing fer fram í Kópavogi því núverandi umdæmisstjóri er Margrét Friðriksdóttir Rótarýklúbbum Borgum í Kópavogi.

Tilgangur forsetafræðslunnar var að undirbúa væntanlegan forseta fyrir forsetastörfin og veita væntanlegum forsetum og umdæmisstjóra tækifæri til að kynnast og vinna saman.

Umdæmisstjóri hefur tilkynnt heimsókn sína í okkar klúbb, en það er þann 4. nóvember og því verður að flýta tilnefningu til stjórnarkjörs um eina viku, vegna ákvæða nýju sérlaganna.

Ýmsar tölulegar staðreyndir voru rifjaðar upp á Pets-mótinu, svo sem að Rótarýhreyfingin er stofnuð 23. febrúar 1905, lönd sem rótarýklúbbar starfa í eru 211, umdæmin eru 531, klúbbar eru 33.707 og rótarýfélagar eru 1.216.608. Rótarýklúbbar á Íslandi eru 30 og Rótarý-félagar á Íslandi eru 1224 með heiðursfélögum.

## Mætingar

Verðandi umdæmisstjóri Margrét lagið mikið upp úr mætingum á komandi starfsári og vakti athygli á eftirfarandi: Hver félagi skal mæta á a.m.k. 50% funda á hverju starfsári. Hægt er að ná sér í mætingu eða mætingarígildi með því að mæta í öðrum rötaryklúbbum eða sækja fundi hjá nefndum eða atburðum sem stjórn klúbbsins eða rötaryumdæmið hefur komið á.

Það styttest í að við fáum að sjá hjá Jóhannesi Einarssyni hvernig mætingar okkar hafa verið síðustu mánuðina, en hann er umsjónarmaður með fundarsókn..

Það er full ástæða til þess að hvetja ykkur til þess að mæta vel á klúbbfundi, þannig næst markmið Rötary, fræðast, kynnst, láta gott af sér leiða og skemmta sér. Ennfremur er ástæða til að hvetja ykkur til þess að mæta á fundi hjá öðrum klúbbum, bæði hér heima og erlendis. Umdæmisstjóri hvatti okkur á Pets-mótinu til að ýta á klúbbfélaga að mæta á fundi hjá öðrum klúbbum.

Ég veit að nokkur ykkar eru dugleg að mæta hjá Straumi, en ég held það gæti verið gaman, þegar fer að hausta og sumarfríum líkur að við tækjum okkur saman og færum á fundi í næstu sveitarfélögum.

Það er fræðandi og gaman að fara á fundi í öðrum klúbbum og upplifa hvernig fundirnir ganga fyrir sig þar, miðað við það sem við erum að gera hér. Því fjarlægara, því skemmtilegra. Okkur er alltaf vel tekið af öðrum rötaryfélögum. Auðvelt er að fá upplýsingar um fundarstaði og fundartíma erlendis, hjá Margréti á umdæmisskrifstofunni. Minnst þess að þetta er hluti af Rötarystarfinu.

Heimilt er að fella niður 3 fundi í röð á sumartíma og auk þess einn fund á öðrum tíma árs.

Ég hef hugsað mér að nýta mér þessa heimild að nokkru og fella niður fundinn fimmtudaginn 29.júlí sem er fimmtudagurinn fyrir verslunarmannahelgina og fimmtudaginn milli jóla og nýjárs eða þann 30. desember.

## Handbókin

Handbókin okkar fyrir komandi starfsár er tilbúin og er til dreifingar í dag. Hún er með hefðbundnu sniði, lítil, einföld en innihaldsrík. Minnt er á að í bókinni eru upplýsingar um kennitölu og bankareikning klúbbsins, til að auðvelda félögum greiðslu félagsgjalda.

Einnig eru nýju sérlögin í bókinni svo félagar geti notað lögin. Kannski er þetta til að gera mér óleik því þið getið þá verið fljótir að láta mig vita ef ég geri eitthvað rangt !

Stefnt er að því að þegar hefðarnefndin hefur lokið störfum verði sérlögin og hefðirnar gefin út í sér bók eða litlu hefti, jafnvel hliðstæðu litlu handbókinni.

Annað er nýtt í bókinni og það er að nú er búið að skipa ljósmyndara klúbbsins. Áður var alltaf treyst á að Guðni væri með myndavél, ef eitthvað kom upp sem þótti myndrænt, mér finnst ófært að nýta ekki alla þessa hæfileikaríku klúbbfélaga, sem við höfum, og hef ég því skipað ljósmyndara klúbbsins svona eins og við höfum söngstjóra.

## Heimasíður

Vakin er athygli á heimasíðu umdæmisins, sem er [rotary.is](http://rotary.is). Þar er hægt að komast inn á heimasíður allra rótarýklúbba umdæmisins. Á heimasíðu umdæmisins er t.d. hægt að nálagst upplýsingar og ljósmyndir frá umdæmisþingum.

Sérstakalega vil ég benda ykkur á heimasíðu klúbbsins okkar, þar er hægt að nálagst ýmsar upplýsingar og ljósmyndir úr starfinu okkar.

Guðni hefur lagt mikla vinnu í heimasíðu klúbbsins og umdæmisins, en síðunni þarf að sinna og tel ég ekki rétt að alltaf sé treyst á að einn maður sé með allt þetta á herðunum.

Því hef ég skipað nýja nefnd „Vefnefnd „sem á að sjá um heimasíðuna okkar. Ég vil hvetja ykkur að koma upplýsingum í rituðu máli og ljósmyndum, sem æskilegt er að fari inn á heimasíðuna okkar til nefndarinnar, sem allar fyrst eftir að atburður átti sér stað, eða þá sem kynningu á komandi atburði eða verkefni. Þá fyrst kemur heimasíðan okkar að góðum notum.

## Heiðursfélagar

Venjan er að ný stjórn tilkynni á fyrsta fundi starfsársins val hennar á heiðursfélögum komandi starfsárs. Stjórnin hefur ákveðið að Níels Árnason og Sigurbjörn Kristinsson verði heiðursfélagar Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar starfsárið 2010-2011.

## Klúbbfundir

Klúbbfundir verða með sama sniði og áður og við verðum áfram hér í Turninum.

Matarverð verður kr.1700 komandi starfsár. Nú er kominn nýr kokkur hóf hann starf hér í dag.

Maturinn kemur hér handan götunnar eða frá veitingastaðnum Tilverunni. Verð á matnum hækkar um 100 kr.en er þó innan þeirrar upphæðar sem fram til þessa hefur verið innheimt.

Málið er reyndar að við borgum um 50kr. fyrir hverja færslu fyrir þá sem greiða með kredit kortum, og í reynd væri því æskilegra að borgað sé með debit korti eða í reiðufé, en þetta kemur fram í fjárhagsáætlun gjaldkera, eins verðum við að hækka gjöldin lítilsháttar eins og fram kemur á eftir.

## Klúbbþing.

Stefnt er að því að halda klúbbþing snemma eða 26.ágúst svo hægt sé að móta starf vetrarins með ykkur félögum, því félagarnir eru klúbburinn.

Klúbbþingið er kvöldfundur og vona ég að sem flestir mæti og komi skoðunum sínum á framfæri.

## Rotary Foundation

Það hefur vakið athygli á umdæmisþingunum framlag okkar til Rótarýsjóðsins á undanförunum árum. Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir því framlagi sem umdæmisstjóri setur sem viðmið, en stjórninni langar að gera betur með ýmsum öðrum hætti. Þar ber fyrst að nefna að gott væri að tæma úr vösum í grísinn okkar, eins og við höfum gert undanfarin ár, gallinn er sá að innkoma í grísinn hefur minnkað allverulega eftir að meirihluti félagsmanna fór að greiða með kortum. Það hefur svo sannanleg sýnt sig að margt smátt gerir eitt stórt. Þeir félagar sem óska eftir að kaupa fána klúbbsins eða rótarýbarmmerki geta keypt það hjá stallara og greiða 500 kr. fyrir barmmerkið en 1500, kr.fyrir fánann ,andvirðið rennur síðan í grísinn.

Ákveðið er að framlag klúbbsins til sjóðsins í tilefni af stórafmælum féлага og sérstakra atburða (kemur í stað blómvandar) verði 50\$.

## Nefndir

Fyrirkomulag nefnda er að miklu leiti hefðbundið. Leitast hefur verið við að velja reyndari félagar sem formenn nefnda svo þeir geti miðlað af reynslu sinni til nýrri félaga, þó hef ég ákveðið að okkar heldri menn, sem komnir eru á háan aldur, fái frí frá nefndarstörfum, þeir hafa þegar skilað sínu.

Tvær nefndir hafa verið sameinaðar samkvæmt nýju sérlögum, þ.e. starfsgreinanefnd og félaganefnd. Tvær nefndir hafa verið lagðar niður, þær eru URR-nefndin og Sögunefndin.

Tvær nýjar nefndir hafa verið stofnaðar, þær eru **Hefðarnefndin** sem á að taka saman hefðir klúbbsins gegnum árin. Ég tel að gott sé fyrir okkur nýrri félagana í klúbbum að vita um þær hefðir sem viðgengist hafa í klúbbum, en síðan er það hverrar stjórnar að ákveða, hve fast er haldið í hefðirnar. Hin nefndin er **Vefnefndin**, sem halda á utan um heimasíðuna og sjá um að uppfærasíðuna og setja inn myndir og annað.

## Nýir félagar

Í upphafi starfsárs eru 74 félagar í klúbbum okkar og tveir heiðursfélagar, þ.e. 69 karlar og 7 konur. Nauðsynlegt er að huga að nýjum félögum. Stjórnin hefur ákveðið að fjölga félögum um a.m.k. 2, og er það samkvæmt tilmælum alþjóðaforseta. Vonandi verða þeir fleiri þegar upp verður staðið. Góðir félagar þið eruð hér með hvattir til hafa augun opin fyrir efnilegum kandídötum og koma tilnefningum til forseta.

Til gamans má geta þess að 40 félagar hafa verið í klúbbum í 10 ár eða meira, og þar af 29 félagar meira en 20 ár, 34 hafa verið minna en 10 ár, sem segir okkur að meðal fjölgun hefur verið um 3 félagar á ári, síðustu árin.

## Framtíðarsýn.

Ágætu Rótarýfélagar í gærkvöldi var sett niður glæsilegt skilti á okkar vegum í Kaldárbotnum. Það var ágætis veður, þetta var ljúf stund. Þetta átak með skiltið er frábært, mér fannst þarna hefðum við haldið áfram góðu verki, sem kannski átti upptök sín hjá félögum, sem settu útsýnisskífuna á Ásfjallið. Við megum ekki hætta hér með þetta verkefni. Okkur er nefnilega svo gjarnt að fara langt yfir skammt. Nú verðum við að halda áfram með okkar **nærumhverfi**. Ég var svo lánsöm í bernsku að alast upp hjá afa mínum og ömmu. Ég fór því margar ferðir hér

um nágrenni Hafnarfjarðar með afa mínum Jóni Hirti og vini hans Kristni Magnússyni málarameistara. Við gengum, hjóluðum eða fórum í litla svarta bílnum hans Kristins. Þessir menn voru langt á undan sinni samtíð, þeir nutu náttúrunnar og kenndu mér að þykja vænt um mitt næsta umhverfi. Nú þurfum við að nota upplýsingarnar á skiltinu og kenna öðrum að nota það. Við eigum marga fróða menn í klúbbum okkar sem þekkja hér staði og kennileiti kringum okkar bæ sem geta frætt okkur hin um okkar nærumhverfi. **Það verður næsta átak.**

### **Lokaorð**

Góðir Rótarýfélagar. Stjórnin er einhuga í, að reyna að gera komandi starfsár fræðandi og skemmtilegt, eins og þau hafa verið undanfarin ár. Nauðsynlegt er að allir félagar séu virkir í klúbbstarfinu og leggi sitt af mörkum. Þar með er tryggt að góður árangur náist.

Að lokum vil ég biðja ykkur um að hafa einkunnarorð alþjóðaforsætans í huga og leitast við að tileinka ykkur þau í leik og starfi, þ.e. **”Treystum samfélagið-Tengjum heimsálfur”**.

### **Fjárhagsáætlun**

Gjaldkeri mun nú gera grein fyrir fjárhagsáætlun starfsársins.

Hjördís Guðbjörnsdóttir  
forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar 2010 - 2011.